

HFJ 14 1

Hafnarfjarðarkaupstaður

Útgáfulýsing
Maí 2014

ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda: Hafnarfjarðarkaupstaður

Kennitala: 590169-7579

Aðsetur: Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður

Heimild til útgáfu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 14. maí 2014 að gefa út skuldabréfaflokk að heildarfjárhæð kr. 8.000.000.000.

1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefanda.*

Bæjarstjóri: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, kt. 121066-4919.

1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi er sveitarfélag og um hann gilda m.a. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 („sveitarstjórnarlög“) og lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

2.1 *Hvaða reikningsstofnun annast greiðslur fyrir útgefanda.*

H.F. Verðbréf hf., kt. 581203-2760, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík, sími 585 1700, tekur við greiðslum vegna útgáfunnar, inn á vörslureikning fyrir hönd útgefanda, og ráðstafar áfram til útgefanda.

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

Auðkenni:	HFJ 14 1
ISIN:	IS00000[xxxxx]
Tegund bréfs:	Jafngreiðslubríf (annuitet) til 30 ára með greiðslu afborgana og vaxta á 6 mánaða fresti.
Gjaldmiðill:	ISK
Heildarútgáfa:	Allt að kr. 8.000.000.000,-
Útgefið nú:	Kr. 5.500.000.000,-
Nafnverðseiningar:	Kr. 10.000.000,-
Útgáfudagur:	[19.] maí 2014
Lokagjalddagi:	[19.] maí 2044
Verðtrygging:	Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í maí 2014, sem er 419,7 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnildi til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Við útreikning á höfuðstól skuldarinnar skal ávallt miða við birtar vísitölur af Hagstofu Íslands en ekki dagvísitölu. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.
Gjalddagi höfuðstóls og vaxta:	Höfuðstóll og vextir greiðast með 60 jöfnum greiðslum (annuitet). Gjalddagar eru tvisvar á ári, 20. maí og 20. nóvember („gjalddagar“). Fyrsti gjalddagi er 20. nóvember 2014 og síðasta gjalddagi er 20. maí 2044. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í útgáfulýsingu þessari telst vera virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
Greiðslustaður:	Greiðslustaður höfuðstóls, verðbóta og vaxta á gjalddögum er hjá þeim reikningsstofnunum þar sem hver

	<p>skuldabréfaeigandi er skráður með vörslureikning, byggt á greiðsluupplýsingum sem útgefandi mun afla frá Verðbréfaskráningu Íslands. Hver reikningsstofnun fyrir sig útdeilir greiðslum á vörslureikninga skuldabréfaeigenda.</p> <p>Með hugtakinu reikningsstofnun í útgáfulýsingu þessari er átt við reikningsstofnun eins og það hugtak er skilgreint í 2. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.</p>
Vextir:	Skuldabréfin bera 3,75% fasta flata vexti („nafnvextir“).
Dagaregla:	30/360
Fyrsti vaxtadagur:	[19.] maí 2014
Útreikningsaðili:	Útgefandi mun sjá um að reikna út greiðslur af skuldabréfunum á hverjum gjalddaga í samræmi við skilmála þeirra.
Eftirlitsaðili:	[..]
Hlutverk eftirlitsaðila:	<p>Að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjármálakvöðum, á greiðslum af skuldabréfunum á hverjum gjalddaga og hvort útgefandi uppfylli önnur skilyrði skuldabréfaflokksins. Um skyldur eftirlitsaðila fer að öðru leiti eftir ákvæðum skuldabréfaflokksins og þjónustusamnings eftirlitsaðila við útgefanda sem gerður er á grundvelli ákvæða skuldabréfaflokksins.</p> <p>Einföldum meirihluta skuldabréfaeigenda er heimilt að krefjast þess á fundi skuldabréfaeigenda, sem haldinn skal af útgefanda, að eftirlitsaðila sé vikið til hliðar og nýr skipaður í hans stað. Útefandi skal þegar í stað, eftir að niðurstaða um slíkt liggur fyrir, skipa nýjan eftirlitsaðila í samræmi við óskir skuldabréfaeigenda þar um.</p> <p>Láti eftirlitsaðili af störfum að eigin ósk skal fráfarandi eftirlitsaðili halda fundi skuldabréfaeigenda þar sem tillaga um nýjan eftirlitsaðila skal borin undir fundinn. Útgefandi skal þegar í stað, eftir að tilkynning um slíkt hefur borist, skipa nýjan eftirlitsaðila í samræmi við óskir skuldabréfaeigenda.</p>
Fundir skuldabréfaeigenda	Eftirlitsaðili eða útgefandi, eftir atvikum, skal boða til funda skuldabréfaeigenda innan mánaðar frá því að hann fær beiðni um slíkt frá skuldabréfaeigenda, fær upplýsingar um að útgefandi uppfylli ekki lengur sérstöku skilyrðin eða hafi vanefnt skilmála skuldabréfanna að öðru leyti eða er skylt að öðru leyti að halda fund skv. skilmálum skuldabréfanna.

	<p>Boðað skal til fundanna með minnst viku fyrirvara með tilkynningu sem útgefandi skal birta opinberlega í samræmi við 62. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til víðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. mun útgefandi koma fundarboðum til Verðbréfaskráningar Íslands, sem kemur þeim áfram til skuldabréfaeigenda.</p> <p>Fundargögn og niðurstöður funda skulu birtar með sama hætti.</p>
Uppgreiðsluheimild:	Skuldabréfin eru óuppgreiðanleg. Útgefanda skal þó heimilt að kaupa skuldabréfin, í heild eða hluta, á eftirmarkaði.
Tryggingar:	Skuldabréfin eru óveðtryggð.
Vanskil og dráttarvextir:	Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð.
Fjárhagsleg skilyrði:	<p>Útgefandi skal uppfylla eftirfarandi fjárhagsleg skilyrði:</p> <p>a) Veltufé frá rekstri á móti heildartekjum skal ekki vera lægra en 10%.</p> <p>b) Skuldaviðmið (heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skal ekki vera hærra en 210% af reglulegum tekjum árið 2014. • Skal ekki vera hærra en 200% af reglulegum tekjum árið 2015. • Skal ekki vera hærra en 190% af reglulegum tekjum árið 2016 og þar til útgefanda er orðið skylt að hafa náð lögbundnum fjárhagslegum viðmiðum í 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. ákvæði II til bráðabirgða. <p>c) Fjárfestingar útgefanda hvert ár, að undanskyldri fjárfestingu vegna byggingar nýs hjúkrunarheimilis, skulu ekki vera hærri en:</p> <ul style="list-style-type: none"> • 985 m.kr. árið 2014. • 1.011 m.kr. árið 2015. • 1.040 m.kr. árið 2016. <p>Fjárhagslegu skilyrðin skulu metin í fyrsta skipti út frá ársreikningi 2014 og falla niður við birtingu ársreiknings</p>

2016, að undanskildu skilyrðinu um að útgefandi skuli vera undir 190% skuldaviðmiði, sem skal haldast þar til útgefanda er orðið skylt að hafa náð lögbundnum fjárhagslegum viðmiðum í 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. ákvæði II til bráðabirgða.

Standist útgefandi á einhverjum tímapunkti ekki framangreind fjárhagsleg skilyrði skulu vextir skuldabréfaflokksins hækka um 0,5% frá fyrsta vaxtadegi eftir að slíkt liggur fyrir til næsta vaxtadags eftir að nýr ársreikningur, árshlutareikningur eða endurskoðandi útgefanda staðfestir að skilyrðin séu aftur uppfyllt, þó aldrei lengur en til birtingar ársreiknings 2016, nema útgefandi uppfylli á þeim tímapunkti ekki skilyrðið um 190% skuldaviðmið, en þá skal hækkunin haldast óbreytt þar til skilyrðið er uppfyllt.

Útgefandi skal ávallt uppfylla lögbundin fjárhagsleg viðmið í 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. ákvæði II. til bráðabirgða, ákvæði reglugerða um sama efni sem settar eru á grundvelli laganna eða mögulegra sambærilegra ákvæða í síðari löggjöf. Standist útgefandi á einhverjum tímapunkti ekki fjárhagslegu viðmiðin skulu vextir skuldabréfaflokksins hækka um 0,5% frá fyrsta vaxtadegi eftir að slíkt liggur fyrir til næsta vaxtadags eftir að nýr ársreikningur, árshlutareikningur eða endurskoðandi útgefanda staðfestir að skilyrðin séu aftur uppfyllt.

Hækkun vaxta ef útgefandi uppfyllir ekki eitt eða fleiri ofangreindra skilyrða/viðmiða getur aldrei orðið hærrí en 0,5% á hverjum tíma.

Sérstök skilyrði:

Tilgangur:

Útgefandi má eingöngu ráðstafa andvirði skuldabréfanna til endurfjármögnunar á skuldum bæjarins og til fjármögnunar á byggingu hjúkrunarheimilis í Skarðshlíð í Hafnarfirði.

Upplýsingar:

Útgefandi skal gera sérstaklega grein fyrir stöðu fjárhagslegu skilyrðinna í ársreikningi og árshlutareikningi, sem skulu birtir á heimasíðu útgefanda og í fréttakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. Þá ber útgefanda að tilkynna eftirlitsaðila um leið og hann stenst ekki lengur fjárhagslegu skilyrðin.

Jafnréttthár kröfur:

Kröfur samkvæmt skuldabréfaflokki þessum skulu ávallt vera jafnrétttháar (e. pari passu) innbyrðis og á hverjum tíma jafnrétttháar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda,

öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs.

Veðsetning:

Útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir sínar, hvaða nafni sem þær kunna að nefnast, nema með fyrirfram samþykki 2/3 skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð. Undanþegnar eru þó veðsetningar vegna lána og ábyrgða útgefanda hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Þá hefur veðsetningarbannið ekki áhrif á veðsetningar eigna sem áttu sér stað fyrir útgáfu skuldabréfanna, en útgefandi skal sjá til þess að slíkum veðsetningum verði aflétt við uppgreiðslu viðeigandi skulda.

Þá er útgefanda óheimilt að veita öðrum jafnrétt háum skuldbindum sérstakar ábyrgðir eða tryggingar fyrir greiðslu þeirra.

Tilkynning um vanefnd:

Útgefandi skuldbindur sig til að birta tilkynningu í fréttakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. eða senda Verðbréfaskráningu Íslands, sem kemur upplýsingunum áfram til skuldabréfaeigenda á meðan skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. verði hann var við að hvers kyns vanefndatilvik samkvæmt skilmálum skuldabréfanna hafi átt sér stað.

Gjaldfellingarheimildir:

Einstakur skuldabréfaeigandi hefur ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldabréf sitt. Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins, sem fram koma hér á eftir, eru háðar því skilyrði að 50% skuldabréfaeigenda samþykki slíkt á fundi skuldabréfaeigenda.

Í samræmi við framangreint er skuldabréfaeiganda heimilt að krefjast gjaldfellingar á skuldinni í eftirfarandi tilvikum:

1. Vanefnd á greiðslum skv. skuldabréfunum:

Hafi greiðsla skv. skuldabréfunum ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga inn á VS reikning eiganda skuldabréfsins, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma tilkynnt útgefanda með eðlilegum fyrirvara og á sannanlegan hátt staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun hér á landi ásamt bankareikningi tengdum viðkomandi VS reikningi.

Ef skuldabréfaeigandi er ekki með VS reikning hjá reikningsstofnun hér á landi eða ekki með bankareikning tengdan við slíkan reikning og hafi gjaldfallin greiðsla ekki verið innt af hendi [30] dögum

eftir að hennar hefur verið vitjað með sannanlegum hætti á starfsstöð útgefanda að Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

2. Vanefnd á öðrum skuldbindingum:

Vanefni útgefandi fjárhagslegar skuldbindingar sínar samkvæmt lánasamningum eða verði vanskil hjá útgefanda á greiðslu annarra fjárskuldbindinga sem hann hefur gefið út, umfram ISK 100 milljónir fyrir einstakar skuldbindingar eða að slík vanskil útgefanda nema að samtölu meira en 250 milljónir þegar viðkomandi skuldbindingar falla í gjalddaga og útgefandi hefur ekki komið í skil innan 30 daga frá gjalddaga. Þetta á þó ekki við ef slík vanefnd stafar af réttlætunlegum mótmælum útgefanda við slíkri kröfu og eðlilegum vörnum er haldið uppi. Fjárhæðin skal breytast til samræmis við vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í maí 2014, eða 419,7 stig.

3. Sérstök skilyrði:

Ef útgefandi vanefnir sérstöku skilyrðin sem tilgreind eru hér að framan.

4. Aðgerðir ráðherra:

Ef ráðherra grípur til aðgerðar á grundvelli 84. gr. og/eða 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, eða mögulegra sambærilegra ákvæða í síðari löggjöf, eða ef leitað er sameiningar á grundvelli 90. gr. sömu laga eða mögulegs sambærilegs ákvæðis í síðari löggjöf.

5. Fjárhagsleg viðmið:

Ef skuldaviðmið útgefanda fer umfram [25 prósentustig] af lögbundnu skuldaviðmiði, eins og það er á hverjum tíma, eftir að útgefanda er orðið skylt að hafa náð lögbundnum fjárhagslegum viðmiðum í 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. ákvæði II til bráðabirgða.

6. Taka til viðskipta:

Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. innan árs frá útgáfu þeirra og ef skuldabréfin eru tekin úr viðskiptum fyrir lokagjalddaga þeirra.

Verði skuldin gjaldfelld, sbr. framangreint, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun

	<p>samkvæmt 7. gr. laganna, sbr. þó 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.</p>
Atkvæðisréttur:	<p>Atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda skv. skilmálum þessum miðast við fjárhæðir hvers skuldabréfaeigenda sem hlutfall af skuldabréfaflokknum. Eigin bréf útgefanda veita útgefanda ekki atkvæðisrétt og skulu þau skuldabréf ekki talin með við útreikning á atkvæðisrétti.</p>
Framsal:	<p>Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreinar í lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréf, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.</p> <p>Yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands um eigendur skuldabréfanna skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa.</p> <p>Útgefandi hefur heimild til að afla upplýsinga um skráða eigendur skuldabréfa í flokki þessum.</p>
Lög og varnarþing:	<p>Um skuldabréf þessi gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfaflokki þessum, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. Kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.</p>
Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði:	<p>Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. innan árs frá útgáfu þeirra. Umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta er H.F. Verðbréf hf.</p>
Breytingar á skilmálum:	<p>Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfunum þarf samþykki 2/3 skuldabréfaeigenda. Eftirlitsaðili annast fundarboðun. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skuldabréfaeigenda skulu tilkynnt Verðbréfaskráningu Íslands og birt á heimasíðu félagsins og í fréttakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. Þegar skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta. Útgefanda er heimilt að fá</p>

upplýsingar frá Verðbréfaskráningu Íslands um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma vegna þessa.

Afskráning:

Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfaskráningu tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að honum sé haldið eftir, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Sú reikningsstofnun sem varslar viðkomandi skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda ber ábyrgð á útreikningi og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

2.5 Verðbréfaskráning ráðstafar útgefnum skuldabréfum á reikning á kennitölu útgefanda í umsjón Verðbréfaskráningar.

2.6 Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.

Engar.

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

3.1 Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.

H.F. Verðbréf hf., kt. 581203-2760, sími 585 1700
Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kt. 160782-3669, andri@hfv.is
Daði Kristjánsson, markaðsviðskipti, kt. 200284-3139, dadi@hfv.is

3.2 Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.

KPMG hf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, sími 545 6000, kpmg@kpmg.is

4. kafli Fylgigögn með útgáfulýsingu:

4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.

Ekki þörf á þessum upplýsingum

4.2 Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.

Fundargerð fundar Bæjarstjórnar Hafnafjarðar um útgáfuna, dags. 14. maí 2014, hefur verið send Verðbréfaskráningu Íslands.

4.3 Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.

H.F. Verðbréf hf. annast sölu skuldabréfanna. Samningur milli aðilanna er trúnaðarmál.

4.4 Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.

Á ekki við.

4.5 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.

Engin.

Reykjavík, [...] maí 2014

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

F.h. umsjónaraðila

H.F. Verðbréf hf.

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Nafn og kt.

Nafn og kt.

DRÖG